

Landnotkun og skipulag

Ljóst er að svo umfangsmikil framkvæmd sem Hólasandslína 3 er mun hafa ýmis neikvæð áhrif á landnotkun þeirra jarða sem hún liggur um, bæði bein skerðingaráhrif á ræktað land og beutiland sem og takmarkanir á landnotkun vegna helgunarsvæða viðkomandi lína. Þessi áhrif verða eðli málsins skv. mismikil, en þegar á heildina er litið eru þau *ekki líkleg til að verða veruleg.*

SAMANTEKT UMHVERFISÁHRIFA

	GRÓÐUR OG VISTKERF	FUGLAR	VATNALÍF	JARÐMYNDANIR	LANDSLAG OG ÁSYNDIR	ÚTIVIST OG FERÐAMENNSKA	FORNLEIFAR	NÁTTÚRUVERNDARSVÆÐI	VATNSVERND	LANDNOTKUN OG SKIPULAG
BÍLDSÁRSKARD (milli Eyjafjarðar og Fnjóskadalss)	Talsverð neikvæð áhrif	Talsverð neikvæð áhrif	Óverulega neikvæð áhrif	Óverulega neikvæð áhrif	Nokkuð neikvæð áhrif	Óverulega neikvæð áhrif	Óverulega neikvæð áhrif	Óverulega neikvæð áhrif	Óverulega neikvæð áhrif	Óverulega neikvæð áhrif
FNJÓSKADALUR	Talsverð neikvæð áhrif	Talsverð neikvæð áhrif	Óverulega neikvæð áhrif	Nokkuð neikvæð áhrif	Talsverð neikvæð áhrif	Talsverð neikvæð áhrif	Óverulega neikvæð áhrif	Verulega neikvæð áhrif	Óverulega neikvæð áhrif	Óverulega neikvæð áhrif
BÁRDARDALUR	Verulega neikvæð áhrif	Talsverð neikvæð áhrif	Óverulega neikvæð áhrif	Talsverð neikvæð áhrif	Talsverð neikvæð áhrif	Nokkuð neikvæð áhrif	Óverulega neikvæð áhrif	Óverulega neikvæð áhrif	Óverulega neikvæð áhrif	Óverulega neikvæð áhrif
REYKJA- og LAXÁRDALUR	Verulega neikvæð áhrif	Verulega neikvæð áhrif	Óverulega neikvæð áhrif	Nokkuð neikvæð áhrif	Verulega neikvæð áhrif	Talsverð neikvæð áhrif	Óverulega neikvæð áhrif	Talsverð neikvæð áhrif	Óverulega neikvæð áhrif	Óverulega neikvæð áhrif
HEILDARÁHRIF METIN	Talsverð neikvæð áhrif	Talsverð neikvæð áhrif	Óverulega neikvæð áhrif	Nokkuð neikvæð áhrif	Talsverð neikvæð áhrif	Talsverð neikvæð áhrif	Óverulega neikvæð áhrif	Talsverð neikvæð áhrif	Óverulega neikvæð áhrif	Óverulega neikvæð áhrif

VÖKTUN

Ákvæði um vöktun verða sett fram í framkvæmda- og starfsleyfum viðkomandi yfirvalda og stofnana eftir því sem við á. Við leyfisveitingar er t.d. gerð krafa um fyrirkomulag **vöktunar** varðandi áflug fugla á leiðara. Aðgerðir skulu gerða í samráði við Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands. Á þetta einkum við um Laxárdal og nágrenni hans.

Vöktun sbr. 2.mgr.24.gr laga um menningarminjar gr. 80/2012: Ef áður ókunnar fornminjar finnast við framkvæmd verks skal stöðva framkvæmd og tilkynna fundinn til Minjastofnunar, sem kannar vettvang og sker úr um eðli fundarins. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Aðalskipulagsbreyting þessi, sem fengið hefur meðferð skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, var samþykkt í sveitarstjórn Þingeyjarsveitar þann _____

_____ sveitarstjóri

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____

Auglýsing um gildistöku birtist í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ nr. _____